

Föstudaginn 25. nóvember 1994.

Nr. 467/1994.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**S**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1994, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Ólafs Ólafssonar, héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra, frá 22. nóvember 1994, að hann víki sæti í málinu.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að halda áfram dómsmeðferð málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar 20. október 1994 var dómur héraðsdómarans í máli þessu frá 29. apríl 1994 úr gildi felldur og því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggðist þessi niðurstaða á nánar tilgreindum annmörkum á sönnunarfærslu fyrir dómi eftir ákæru í málinu. Hæstiréttur hefur mælt fyrir um, að afla skuli nýrra gagna fyrir héraðsdómi og dómur kveðinn upp að því búnu. Fyrri efnisúrlausn dómarans gerir hann ekki vanhæfan í málinu, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 5. mars 1993 í málinu nr. 93/1993.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir Ólaf Ólafsson héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

**Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. nóvember 1994.**

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. febrúar 1994, var höfðað opinbert mál á hendur ákærða, S, f. 1954, fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir kynferðisbrot gagnvart stjúpdætrunum J, fæddri í júní 1974, og M, fæddri í janúar 1976, á tímabilinu frá síðari hluta árs 1982 og fram í ársbyrjun 1987.

Málið var þingfest 3. mars 1994, og var sakflytjendum líkt og við undirbúningsþinghöld, sem háð voru 10. og 17. s. m., veitt færi á að tilgreina vitni og leggja fram sýnileg sönnunargögn, en að því loknu var aðalmeðferð málsins ákveðin. Dómur í málinu var kveðinn upp að loknum munnlegum málflutningi 29. apríl 1994. Var ákærði talinn sannur að sök og dæmd 15 mánaða fangelsisrefsing. Dóminum var áfrýjað að ósk ákærða, og 20. október 1994 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti (mál nr. 318/1994: Ákærvaldið gegn S). Hinn áfrýjaði dómur var ómerktur og málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess, að í héraði hafi engra sérfræðilegra gagna verið aflað um líkamlegt og andlegt atgervi kæranda, viðhorf þeirra til ákærða og ákæruefnisins og áhrif hinna meintu brota ákærða á þær. Þá var skírskotað til þess, að u. þ. b. átta ár væru frá ætluðu athæfi. Í dómi Hæstaréttar er einnig vikið að því, að fyrir héraðsdómi hafi ekki legið gögn um ákærða og viðhorf hans, sbr. einkum b- og d-lið 71. gr. laga nr. 19/1991. Var það niðurstaða Hæstaréttar, að nefnd gögn væru svo þýðingarmikil við mat á sönnunargildi munnlegs framburðar ákærða og kæranda, að héraðsdómari hefði ekki átt að leggja dóm á málið án þeirra.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 27. október sl., til Héraðsdóms Norðurlands eystra var þess krafist, að mál þetta yrði „tekið til frekari meðferðar við héraðsdóminn í samræmi við dóm Hæstaréttar“. Í framhaldi af því var málinu endurúthlutað til dómara 7. nóvember sl. Við fyrirtöku málsins nú í dag voru af hálfu sakflytjenda ekki hafðar uppi athugasemdir um formhlíð málsins.

Í samræmi við meginreglur opinbers réttarfars var áðurnefndur dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 29. apríl 1994 reistur á sönnunargögnum, sem færð voru fram við meðferð málsins fyrir dómi af hálfu ákærvalds og skipaðs verjanda. Yfirheyrslur ákærða og vitna, þ. á m. kæranda, voru

að þessu leyti veigamestar. Í samræmi við VII. kafla laga nr. 19/1991, einkum 46. gr., voru við uppkvaðningu héraðsdóms öll sönnunargögn virt og þ. á m. litið til og lagt sjálfstætt mat á þau atriði, sem vikið er að í dómi Hæstaréttar frá 20. október 1994.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af almennum traustsjónarmiðum um óhlutdrægni dómara, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands frá 1. apríl 1993 (mál nr. 197/1992), þykir með vísan til 5. gr. g-liðar laga nr. 91/1991, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991, rétt, að dómari víki sæti í málinu. Að þessu leyti er og litið til 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. nú lög nr. 62/1994.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómarinn, Ólafur Ólafsson héraðsdómari, víkur sæti í málinu.

---